

Undirbúningsfundur vegna aðalfundar foreldrafélags Leikskólans í Stykkishólmi haustið 2021

Netfundur 15. október 2021

Fundinn sátu: Elísabet Lára fyrir hönd leikskólans, Klaudia formaður, Ingunn gjaldkeri, Anna Margrét ritari, Elva og Osk

- Rætt um að minnisblöð séu gerð í stað fundargerða þegar ákvarðanir eru teknar á lokaðri síðu foreldrafélagsins á Facebook en ekki fundað um málið. Ritari tekur að sér að skrásetja ákvarðanir sem teknar hafa verið með þeim hætti síðasta vetur.
- Staða foreldrafélagsins núna er 601.829 kr.
- Útgjöld félagsins hafa verið um 280 þúsund síðustu tvö ár.
- Nefndin sér ekki ástæðu til að leggja til hækkun á gjöldum vegna góðrar fjárhagsstöðu félagsins. Sá möguleiki ræddur að lækka gjöldin. Ellý bendir á að brátt opni ný deild við leikskólann og nefnir möguleika á að gefa þeirri deild veglega gjöf í formi leikfanga eða annars búnaðar. Ákvörðun tekin um að lækka ekki foreldrafélagsgjöldin í ár en að leggja það til við nýja stjórn að ef hún situr uppi með háa upphæð eftir næsta vetur að þá verði það tekið til skoðunar að lækka gjöldin. Það er ekki hlutverk foreldrafélagsins að liggja á miklum sjóði.
- Rætt um þáttöku foreldrafélagsins í danskennslunni. Undanfarin ár hefur félagið greitt 30 þúsund sem svarar til þriðjungs af heildarkostnaði við danskennsluna. Rætt um hvort hækka eigi framlag foreldrafélagsins í ár. Ellý ætlar að komast að kostnaði við danskennsluna í ár og þá verður tekið ákvörðun um framlag foreldrafélagsins.
- Rætt um að foreldrafélagið hafi stundum staðið fyrir námskeiðum og fyrirlestrum fyrir foreldra þótt slíkt hafi ekki verið gert síðustu vetur vegna covid-19. Klaudia tekur að sér að hafa samband við Heiðu Maríu skólahjúkrunarfræðing um hvort hún geti verið með fræðslu á aðalfundinum.
- Ákveðið að koma því á framfæri við nýja stjórn að miðað við fjárhagsstöðu félagsins geti næsta stjórn haft fleiri viðburði fyrir börnin, boðið upp á námskeið, fyrirlestra eða annað slíkt fyrir foreldra og jafnvel keypt veglega gjöf fyrir nýja deild leikskólans.
- Foreldrafélagið kaupir Blæ-bangsa fyrir ný leikskólabörn.

Aðalfundur verður auglýstur um leið og það liggur fyrir hvort Heiða María taki að sér að vera með fræðsluerindi á fundinum og hann auglýstur með viku fyrirvara.